




DAGGÆSLA Í HEIMAHÚSUM



Reykjavíkurborg
Leikskólasvið





Dagforeldrar vinna mikilvægt umönnunar- og uppeldisstarf og bera ábyrgð á andlegri og líkamlegri velferð barna í þeirra umsjón. Þeir eru sjálfstæðir atvinnurekendur og starfa samkvæmt starfsleyfi og dvalarsamningum sem gerðir eru við foreldra eða forráðamenn barna.

*Starfsleyfi gildir
fyrir 5 börn að
hámarki.*

*Leyfi til daggæslu er
endurnýjað á
fjögurra ára fresti.*

STARFSLEYFI

Leikskólasvið Reykjavíkurborgar veitir starfsleyfi til dagforeldra og sinnir lögbundnu eftirliti með starfsemi þeirra, eins og kveðið er á um í reglugerð félagsmálaráðuneytisins nr. 907/2005. Þeir sem vilja öðlast starfsleyfi þurfa m.a. að uppfylla eftirfarandi skilyrði:

- Hafa náð 20 ára aldri. Dagforeldri sem er orðið 65 ára fær einungis starfsleyfi eitt ár í senn.
- Hafa lokið grunnskólskeiði fyrir dagforeldra. Heimilt er að veita undanþágu frá því skilyrði ef umsækjandi hefur menntun á sviði uppeldisfræða sem metin er fullnægjandi.
- Geta framvísað læknisvottorði, sakavottorði og umsögn síðasta vinnuveitenda.
- Hafa leikrými (3 fermetrar fyrir hvert barn) í húsakynnum sínum og fullnægjandi hvíldar- aðstöðu.
- Hafa fullnægjandi og hættulausa útivistaraðstöðu.
- Dagforeldri er skylt að kaupa slysatryggingu vegna barna.
- Skylt er að virða lög um tóbaksvarnir og neysla tóbaks og hvers kyns vímugjafa er með öllu óheimil á heimilinu meðan á dagvistun barna stendur.

Allar umsóknir um daggæslu í heimahúsum eru lagðar fyrir Barnavernd Reykjavíkur. Fyrsta starfsár telst reynslutími og má dagforeldri ekki gæta fleiri en fjögurra barna samtímis á þeim tíma, að meðtöldum eigin börnum undir sex ára aldri. Eftir eins árs samfelldan starfstíma er Leikskólasviði Reykjavíkurborgar heimilt að veita leyfi fyrir einu barni til viðbótar, enda hafi dagforeldri sýnt fram á hæfni til starfsins og veitt börnum góðan aðbúnað í hvívetna.




FAGLEG RÁÐGJÖF

Daggæsluráðgjafar á þjónustumiðstöðvum vinna úr umsóknum foreldra og veita dagforeldrum faglega ráðgjöf frá degi til dags. Ráðgjöf felst einkum í heimsóknum og fræðslufundum sem haldnir eru á vegum þjónustumiðstöðva borgarinnar í samstarfi við samtök dagforeldra. Sérhvert dagforeldri fær ráðgjafa í heimsókn a.m.k. einu sinni á ári og er markmiðið að tryggja samráð og veita markvissan faglegan stuðning.

Leikskólasvið Reykjavíkurborgar skipuleggur árlegan starfsdag fyrir dagforeldra í samvinnu við þjónustumiðstöðvar borgarinnar. Dagforeldrar hafa því leyfi til að taka sér starfsdag, enda er hann tilgreindur í dvalarsamningi og ákveðinn með góðum fyrirvara.

EFTIRLIT

Eftirlit með starfsemi dagforeldra er í samræmi við 35. grein reglugerðar nr. 907/2005 og felst m.a. í þremur heimsóknum frá fulltrúa Leikskólasviðs Reykjavíkurborgar. Hann yfirfer ýmis öryggisatriði og gengur úr skugga um að barnafjöldi sé í samræmi við leyfi. Við eftirlit er farið yfir gátlista sem skilað er til Leikskólasviðs. Úrvinnsla vegna athugasemda er samkvæmt vinnuferli á milli Leikskólasviðs og þjónustumiðstöðva og byggir á reglugerð. Leikskólasvið hefur forgöngu um reglulega viðhorfskönnun meðal foreldra með börn í daggæslu í heimahúsum sem og könnun á viðhorfum dagforeldra til ráðgjafar, stuðnings og eftirlits. Á grundvelli þessara kannana er leitast við að bæta þjónustuna frá ári til árs.



Vistun barns hjá dagforeldri er ætíð á ábyrgð foreldra.

Daggjöld eru greidd niður í 11 mánuði á ári.

AÐ VELJA DAGFORELDRI

Á vefsíðu Leikskólasviðs er listi yfir starfandi dagforeldra í Reykjavík. Þjónustumiðstöðvar eru einnig með lista yfir dagforeldra í hverju hverfi og veita auk þess allar nánari upplýsingar um starfsemi og vinnutíma dagforeldra og laus pláss.

Samhliða ákvörðun um dvöl barns hjá dagforeldri er skrifað undir niðurgreiðslusamning og dvalarsamning.

NIÐURGREIÐSLUR

Daggjöld barna, sem eiga lögheimili í Reykjavík og eru í daggæslu í heimahúsum, eru greidd niður samkvæmt ákvörðun borgarstjórnar. Niðurgreiðslur eru háðar því að dagforeldri hafi starfsleyfi og að barnið sé á aldrinum 6 mánaða til 6 ára.

Dagforeldrar skila samningi um niðurgreiðslu undirrituðum af foreldri eða forráðamanni barns. Í honum skal m.a. koma fram dvalartími barnsins og hjúskaparstaða foreldris. Samningurinn gildir á meðan barnið er í daggæslu og miðast mánaðarlegar greiðslur við upplýsingar í honum. Þegar vistun lýkur, eða ef breytingar verða á fyrirkomulagi daggæslu, tilkynnist það á þar til gerðu eyðublaði.

Sjá gjaldskrá fyrir daggæslu í heimahúsum á www.leikskolar.is og á heimasíðum þjónustumiðstöðva borgarinnar.




*Dvalarsamningur
tekur gildi að
reynslumánuði
loknum.*

DVALARSAMNINGUR

Með því að undirrita dvalarsamning samþykkja foreldrar og dagforeldrar þá skilmála er þar koma fram. Að auki gildir eftirfarandi um dagforeldra nema annað sé tekið fram í dvalarsamningi:

- Dagforeldri ber ekki skylda til að bíða lengur en 1/2 klst. eftir komu barns.
- Sé barn ekki sótt á réttum tíma greiðist auka-gjald samkvæmt gjaldskrá dagforeldris sem hefur áður verið kynnt foreldri.
- Foreldri/forráðamaður ber ábyrgð á að láta dagforeldri vita ef einhver annar sækir barnið.
- Foreldri/forráðamaður ber ábyrgð á að láta dagforeldri vita ef barnið er í leyfi eða ef það er veikt.
- Barn telst veikt geti það ekki tekið þátt í daglegum leik.






*Hæfilegt er að gera
ráð fyrir aðlögun í
eina til tvær vikur.*

AÐLÖGUN

Góð aðlögun leggur grunn að góðri líðan barnsins í daggæslu og því er mikilvægt að vanda vel til hennar.

Nauðsynlegt er að foreldrar/forráðamenn dvelji með barni sínu í upphafi vistunar í samráði við dagforeldri. Ráðlegt er að barnið dvelji stuttan tíma í byrjun og að dvalartími sé lengdur eftir aðstæðum hvers barns.



*Mikilvægt er að
kynna sér í upphafi
aðstæður hjá dagfor-
eldri.*

SKYLDUR FORELDRA

Vellíðan barnsins í daggæslu veltur á góðu samstarfi. Því er nauðsynlegt að samskipti séu hreinskiptin á báða bóga og eru foreldrar/forráðamenn hvattir til að láta dagforeldri vita ef eitthvað bjátar á eða þarfnast lagfæringa svo strax megi leysa vandann.

Mikilvægt er að foreldrar/forráðamenn kynni sér í upphafi aðstæður hjá dagforeldri og hvernig daggæslu verði háttað. Þeim ber að upplýsa dagforeldri hverjar séu daglegar venjur barnsins og hann á að sama skapi rétt á upplýsingum um hvernig dagurinn er skipulagður, s.s. um svefntíma barns, matseðil, leikföng og svefnaðstöðu.



Nauðsynlegt er að foreldri/forráðamaður upplýsi dagforeldri um hvaða dvalartíma sé óskað eftir, hvenær barnið verður sótt og hver sækir það. Dagforeldri þarf jafnframt að fá upplýsingar ef breyting verður á því hver sækir barnið.


Upplýsa þarf dagforeldi um sérþarfir barns, s.s. vegna fötlunar eða langvinnra veikinda. Foreldrum/forráðamönnum ber að tilkynna dagforeldri um tilfallandi veikindi barns. Óheimilt er að koma með veikt barn í daggæslu. Komi barn ekki á umsömdum tíma er dagforeldri ekki skylt að vera heima þegar komið er með barnið.

Foreldrar/forráðamenn skulu leitast við að upplýsa dagforeldri verði breytingar á högum barns sem geta haft áhrif á líðan þess.

Í samskiptum sínum við dagforeldri ber foreldrum/forráðamönnum að virða heimilishelgi og vinnutíma dagforeldra.

Foreldrum/forráðamönnum ber að fylgjast með aðbúnaði og að barnafjöldi fari ekki yfir það sem leyfilegt er. Verði foreldrar/forráðamenn varir við að umönnun og aðbúnaði barnsins sé ábótavant hjá dagforeldri er þeim skylt að tilkynna það umsjónaraðila í þjónustumiðstöð eða hjá Leikskólasviði Reykjavíkurborgar.





*Allar persónulegar
upplýsingar milli for-
eldra/forráðamanna
og dagforeldra eru
trúnaðarmál.*

SKYLDUR DAGFORELDRA

Dagforeldri ber ábyrgð á barni meðan á dvöl þess stendur og skal hlúa að andlegri og líkamlegri velferð þess í sem víðtækustum skilningi. Þetta á jafnt við um fæðuval, leiki, leikföng, hreyfingu, útiveru, tilfinningalíf og félagslega líðan barnsins.

Dagforeldri skal sjá til þess að foreldrar/forráðamenn hafi góða vitneskju um dagskipulag, þ.m.t. matseðil og svefntíma.


Dagforeldri er skylt að stuðla að öryggi barna í hvívetna og fara að ákvæðum laga, reglugerða og skilyrða í starfsleyfi.

Geti dagforeldri af sérstökum ástæðum ekki sinnt starfi sínu skal það tilkynnt foreldrum þegar í stað.

Við upphaf dvalar gerir dagforeldri vistunarsamning við foreldra/forráðamenn barnsins. Dagforeldri upplýsir þá um hver sé ábyrgð hvors aðila um sig meðan á vistun stendur, leitar eftir greinargóðum upplýsingum um barnið, og ákveður í samráði við þá aðlögunar- og vistunartíma. Dagforeldri ber að sýna foreldrum/forráðamönnum vinnuaðstöðu sína inni sem úti og skýra frá daglegu starfi. Séu einhverjar aðstæður á heimilinu sem geta haft áhrif á líðan barnsins skulu foreldrar/forráðamenn upplýstir um það. Dagforeldri skal jafnóðum upplýsa umsjónaraðila um ný börn sem hefja dvöl á heimilinu og þau sem þar ljúka dvöl.

Verði dagforeldri vart við að barn búi við óviðunandi aðstæður ber að tilkynna það til Barnaverndar Reykjavíkur samkvæmt 17. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 um tilkynninga-skyldu. Dagforeldrum er bent á að ráðfæra sig í slíkum tilvikum við daggæsluráðgjafa.





Bæklingur þessi er unnin samkvæmt reglugerð nr. 907/2005 um daggæslu í heimahúsum. Reglugerðin er í heild sinni á heimasíðu Leikskólasviðs Reykjavíkurborgar www.leikskolar.is

Leikskólasvið Reykjavíkurborgar fer með eftirlit og faglega stefnumörkun fyrir starfsemi leikskóla og daggæslu í heimahúsum í Reykjavík. Verkefnisstjóri daggæslu starfar á skrifstofu Leikskólasviðs. Daggæsluráðgjafar starfa í öllum þjónustumiðstöðvum borgarinnar og á heimsíðum þeirra eru upplýsingar um starfandi dagforeldra í hverju hverfi.

Leikskólasvið Reykjavíkurborgar † Fríkirkjuvegi 1 † 101 Reykjavík † Sími 411 7000 † www.leikskolar.is